

## Kennslustund 2

Aldurshópur: 3ja-4 ára

Áætlaður tími: 15-25 mínútur.

Söngtexti: Álfadrottningin eftir Birte Harksen og Baldur Kristjánsson

Markmið: Þessi stund er sett upp sem sögustund út frá innihaldi lagatextans. Áhersla er á að auka einbeitingu og úthald, virka þátttöku barnanna sem og að skilja samhengi textans. Lykilorðin eru duna, að gera það ei, stúlkur og drengir.

Kennslan er sambland af beinni og óbeinni kennslu.

Hjálpargögn: Meðfylgjandi eru myndir sem styðja við söngtextann og hægt er að prenta út.

Það er mikið lesið fyrir börn í leikskólum eins og í reglulegum sögustundum. Ein aðferð er að nýta innihald söngtexta sem beinagrind að sögu. Hún skapar tækifæri til þess að börnin öðlist djúpan skilning á innihaldi söngtextans og þjálfar hlustunarskilning sem og einbeitingu og úthald. Í söngtextanum sem er hér til umfjöllunar eru fimm lykilorð og orðatiltæki, en orðaskýringar er að finna hér fyrir neðan. Lykilorðin eru kennd með samblandi af beinni og óbeinni kennslu, þ.e.a.s. þau eru útskýrð sérstaklega fyrir börnunum og svo heyra þau orðin þegar lagið er sungið og sagan er sögð. Sjónrænar söngstundir geta verið fjölbreyttar. Stundum þekkja börnin lögin áður en söngstundin er ekki síður áhrifarík þegar lögin eru ný fyrir þeim. Í þessari söngstund er áhrifaríkt að börnin kunni lagið og geta sungið með. Þessi stund krefst þess að börnin taki þátt og því er gott að þau kunni textann og lagið þótt það sé ekki nauðsyn. Þá verða börnin virkir þátttakendur í sögunni og fá tækifæri til þess að spegla það sem þau sjá og heyra um leið. Hér fyrir neðan er sagan sett fram í grófum dráttum ásamt orðaskýringum.

### Orðskýringar

Að láta dansinn duna : Dansinn er í fullum gangi.

Við gerum það ei: Það gerum við ekki

Stúlkur : Stelpur

Drengir : Strákar

Svo allir sviptist viti og sönsum: missa vit og skynsemi, verða alveg ruglaður

## Sagan um álfadrottninguna

### Fyrsta stig: kennari kynnr sögusviðið

Kennari byrjar á því að setja upp á loðtöflu mynd 2:1 og mynd 2:2. Þá er kennari örlítið búinn að setja upp leikmynd af sögusviði sögunnar. Börnin átta sig á þegar þau sjá burstabærinn að sagan gerist fyrir löngu síðan og þau sjá álfasteininn við hlið hússins.

Einu sinni var sveitabær. Í þessum sveitabæ. Þar bjuggu fjögur systkini. [Kennari setur upp á loðtöflu mynd 2:3, 2:9, 2:10 og 2:11]. Við þennan sveitabæ var líka stór álfasteinn. Enginn hafði séð álfana sem allir vissu að ættu heima í þessum stóra steini. Mamma og pabbi sögðu við börnin sín að ef þau myndu einhvern tíma sjá álfa þá þyrftu þau að passa sig. Því það mætti alls ekki dansa við álfa. Það er mjög hættulegt að dansa við þá því að þeir geta lokkað mannfólk inni í álfastein og breytt þeim í huldufólk. Börnin hlustuðu á foreldra sína og voru sannfærð um að þau myndu aldrei dansa við álfa. Þau vissu að mannfólk getur ekki séð álfa þannig ef þau myndu breytast í álfa myndi fjölskyldan þeirra ekki getað séð þau aftur. Börnin vissu þó ekki hvernig þau gætu sagt nei við álfana. Því ákváðu foreldrarnir að kenna börnunum sínum vísu til þess að hjálpa þeim að segja nei ef álfarnir myndu bjóða þeim upp í dans.

Kennari:

Vísan er svona, og ég ætla að biðja ykkur krakkar um að læra hana til að hjálpa börnunum á eftir að segja nei við álfana. Svona gerum við það:

Ó, nei, ó nei, ó nei, [sveifla vísifingri fram og til baka]  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa! [benda fast með vísifingri]  
Því mamma og pabbi segja að [krossleggja hendur og hrista höfuð]  
við megum ekki dansa við álfa!

Núna ættu börnin að vera búin að læra hvernig þau eiga að segja nei við álfana. Þau þurfa að segja: það gerum við ei, hvað skyldi það þýða? [Hér er tækifæri fyrir kennara að útskýra hvað það þýðir] Svo ætla börnin að segja álfadrottningunni að dansa við sjálfa sig! Iss, þetta ætti ekki að vera neitt mál. En nú skulum við halda áfram með söguna:

### Annað stig : Sagan heldur áfram og álfarnir kynntir til leiks

Það var svo eitt skipti á þrettándanum að fjölskyldan var á leiðinni í kirkju. Það þurfti einhver að vera eftir og passa húsið. Elsta stúlkan bauðst til þess að verða eftir og passa húsið. [Kennari tekur niður myndir 2:9, 2:10 og 2:11 en skilur eftir mynd 2:3]. Hún kvaddi fjölskylduna sína og var þá orðin ein eftir í húsinu. Hún var ekki búin að vera lengi ein heima þegar hún heyrði ótrúlega fallegan söng fyrir utan húsið. Hún kíkti út og sá varðeld og fólk dansa í kringum hann. [Kennari setur á loðtöfluna mynd 2:4, 2:5, 2:6, 2:7 og 2:8]. Þetta fólk var mjög fallegt og vingjarnlegt. Ein konan sá stúlkuna og kom til hennar. Stúlkan vissi ekki að þetta var álfadrottningin, því henni hafði aldrei verið sagt að álfar litu út eins og mannfólk. Álfadrottningin heilsaði stúlkunni og sagði

Kennari: Nú skulum við syngja lagið saman:

[Álfadrottningin sagði]  
Á álfaballi skal dansinn duna,  
álfar og menn um gólfið bruna!  
Já, komið nú krakkar og dansið við mig,  
Komið og dansið við mig

[Þá sagði stúlkan]  
Ó, nei, ó nei, ó nei, [sveifla vísifingri fram og til baka]  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa! [benda fast með vísifingri]  
Því mamma og pabbi segja að [krossleggja hendur og hrista höfuð]  
við megum ekki dansa við álfa!  
Hvað haldið þið að gerist næst?

Stúlkan sá að álfarnir létu dansinn duna og hann var svo heillandi. Allir dönsuðu látlaust og ekki leit út fyrir að dansinn myndi hætta í bráð. [Hér er gott tækifæri til þess að útskýra betur og spyrja börnin hvað það þýði að láta dansinn duna] Þótt stúlkan hafi reynt að andmæla álfadrottningunni fannst henni dansinn of heillandi. Stúlkan gleymdi orðum foreldra sinna og stóðst ekki mátið. Hún fór út og lét dansinn duna með álfunum. Hún dansaði látlaust þar til varðeldurinn sloknaði og þá var það orðið um seinan. Hún hafði breyst í huldustúlku. Nú gat fjölskylda hennar ekki séð hana og núna átti hún heima í álfasteininum með hinu huldufólkinu. [Myndir 2:3, 2:4, 2:5, 2:6, 2:7 og 2:8 eru teknar úr augsýn barnanna].

Þriðja stig : Sagan endurtekur sig

Árið leið og þrettándinn kom á ný. Aftur ætlaði fjölskyldan í kirkju og einhver þurfti að passa húsið. Næstelsta stúlkan ákvað að hún myndi vera heima og passa húsið. [Mynd 2:9 sett upp] Þegar hún var ekki búin að vera lengi ein heima heyrði hún ótrúlega fallegan söng fyrir utan húsið. Hún kíkti út og sá varðeld og fólk dansa í kringum hann. [Kennari setur á loðtöfluna mynd 2:4, 2:5, 2:6, 2:7 og 2:8]. Þetta fólk var ótrúlega fallegt og vingjarnlegt. Ein konan sá kom til hennar. stúlkuna og Álfadrottningin sagði við stúlkuna og nú syngjum við:

[Álfadrottningin söng]  
Á álfaballi skal dansa lengi,  
það á við bæði um stúlkur og drengi!  
Já komið nú krakkar og dansið við mig,  
komið og dansið við mig!

Kennari: Hvað eigum við nú að syngja krakkar?

Ó, nei, ó nei, ó nei, [sveifla vísifingri fram og til baka]  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa! [benda fast með vísifingri]  
Því mamma og pabbi segja að [krossleggja hendur og hrista höfuð]  
við megum ekki dansa við álfa!

Kennari: Hvað haldið þið að hún geri?

Stúlkan reyndi sitt besta, en þótt hún hafi sungið vísuna varð hún of heilluð af álfadrottningunni. Hún gleymdi öllu því sem foreldrar hennar höfðu sagt og fór að dansa með álfadrottningunni. [Myndir 2:4, 2:5, 2:6, 2:7, 2:8 og 2:9 eru teknar úr augsýn barnanna]. Nú voru tvær dætur orðnar að huldukonum og fjölskyldan var harmi slegin. Foreldrarnir sögðu því börnunum að muna vísuna sem þau kenndu þeim og syngja hana hátt og skýrt ef þau skyldu hitta álfa.

Fjórða stig: börnin leika á álfana.

Aftur kom þrettándinn og voru börnin tvö tilbúin að vera heima og passa húsið á meðan foreldrar þeirra fóru í kirkju. [Kennari setur upp myndir 2:10 og 2:11]. Þegar þau voru orðin ein heyrðu þau að það var kominn varðeldur fyrir utan húsið og dansinn dunaði fyrir utan. [Kennari setur á loðtöfluna mynd 2:4, 2:5, 2:6, 2:7 og 2:8]. Þau sáu systur sínar tvær úti að dansa og voru furðulostin hversu fallegar þær voru, þær voru núna álfar. [Kennari setur upp myndir 2:3 og 2:9]. Þau langaði að hlaupa út að dansa við þær en ákváðu þó að muna vísuna sem foreldrar þeirra kenndu þeim. Álfadrottningin kom auga á þau og labbaði að húsinu. Þegar hún var komin til þeirra sagði hún :

[Álfadrottningin sagði]

Á álfaballi skal dansinn duna,  
álfar og menn um gólfið bruna!  
Já, komið nú krakkar og dansið við mig,  
Komið og dansið við mig

[Börnin svöruðu þá :]

Ó, nei, ó nei, ó nei,  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa!  
Því mamma og pabbi segja að  
við megum ekki dansa við álfa!

[Álfadrottningin sagði þá :]

Á álfaballi skal dansa lengi,  
það á við bæði um stúlkur og drengi!  
Já komið nú krakkar og dansið við mig,  
komið og dansið við mig!

[Börnin svöruðu :]

Ó, nei, ó nei, ó nei  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa!  
Því mamma og pabbi segja að  
við megum ekki dansa við álfa!

[Álfadrottningin sagði þá :]

Æ syngjum nú saman og dönsum,  
svo allir fari frá viti og sönsum!  
Já komið nú krakkar og dansið við mig,  
komið og dansið við mig!

[Börnin svörðu þá ákveðin :]

Ó, nei, ó nei, ó nei,  
við gerum það ei,  
dansaðu við þig sjálfa!  
Því mamma og pabbi segja að  
við megum ekki dansa við álfa!  
- Það er hættulegt að dansa við álfa!!



mynd1 burstabær



mynd2 álfasteinn



mynd 5 álfadrottning


mynd3 : fyrsta systir



myndir 6 : álfar



mynd 4 : varðeldur



mynd 7 : önnur systir



myndir 8 : systkini